

Bolungarvíkurkaupstaður
Ísafjarðarbær
Strandabyggð
Súðavíkurhreppur
Tálknafjarðarhreppur
Vesturbyggð

Ísafirði 19. september 2022

Stofnun starfshóps fiskeldissveitarfélaga um skiptingu tekna Fiskeldissjóðs

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur fjallað um ályktun 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að hausti, er varðar stofnun starfshóps um skiptingu tekna Fiskeldissjóðs. Nánar tiltekið segir í ályktunni;

67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti 8.-10. september 2022 leggur til að stofnaður verði starfshópur sem falið verði að ná sátt um skiptingu fjármuna sem nú renna til Fiskeldissjóðs milli fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum.

Fyrir liggur samfélagssáttmáli um fiskeldi og sú sameiginlega sýn sveitarfélaga að fjármunir sem nú renna í fiskeldissjóð renni í A-hluta sveitarfélaga. Ekki liggur fyrir hvernig þeirri skiptingu yrði háttað ef af yrði. Mikilvægt er að fiskeldissveitarfélög á Vestfjörðum leggi fram sameiginlega sýn þar um. Niðurstaða starfshópsins verði samþykkt af Fjórðungsþingi eða á aukáþingi samkvæmt samþykktum og þingsköpum Fjórðungssambandsins. Öll fiskeldissveitarfélög skulu fá einn fulltrúa, en auk þeirra starfi starfsmaður frá Vestfjarðastofu með nefndinni.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) hefur fjallað um eftirfarandi atriði,

Skilgreining á fiskeldissveitarfélagi á Vestfjörðum.

Stjórn FV telur að skilgreiningin fiskeldissveitarfélag á Vestfjörðum hafi tilvísun til laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr 89/2019 og laga um fiskeldi nr 71/2008.

Annars vegar með vísan til 1. og 2. mgr 2. gr 89/2019, þar sem segir að rekstrarleyfishafi fiskeldisstöðvar í sjó skuli greiða gjald í ríkissjóð og fjárhæð slíks gjalds miðist við hvert kílógramm slátraðs lax.

Hinsvegar 1. mgr 7. gr 89/2019 um Fiskeldissjóðs sem er sjálfstæður sjóður sem hafi það hlutverk að styðja uppbyggingu innviða samfélag og atvinnulífs á þeim svæðum þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað. Eldi á laxi í sjókvíum takmarkast síðan við ákvæði auglýsingar landbúnaðarráðuneytis nr 460/2004 og ákvæði 6. gr fiskeldislaga 71/2008 um staðbundið bann við starfsemi í fiskeldi.

Undir hugtakið fiskeldissveitarfélög á Vestfjörðum falli því sveitarfélög sem liggja að þeim svæðum sem hafa verði afmörkuð fyrir eldi á laxi í sjó og innheimt er gjald af slátruðum laxi. Þessi sveitarfélög eru Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Strandabyggð.

Starfshópur

Í ályktun Fjórðungspings er tilgreint að öll fiskeldissveitarfélög eigi aðild að tilgreindum starfshópi. Með vísan til framangreinds atriðis og skilgreiningar á fiskeldissveitarfélagi á Vestfjörðum, þá óskar stjórn FV eftir tilnefningu eins fulltrúa í starfshópinn frá hverju eftirfarandi sveitarfélagi; Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppi, Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað, Súðavíkurhrepps og Strandabyggð.

Stjórn FV samþykkir einnig að með starfshópnum starfi framkvæmdastjóri og sviðstjóri byggðaðróunar Vesturfjarðastofu, en eins megi kalla til aðra starfsmenn ef nauðsyn ber til. Stjórn FV samþykkir enn fremur, ef starfshópur telur nauðsyn á, að heimilt verði að óska eftir vinnu aðkeyptra sérfræðinga samkvæmt fjárhagsramma sem stjórn FV setur verkefninu.

Strax og allar sveitarstjórnir hafa skipað fulltrúa í starfshópinn þá verði framkvæmdastjóra Vestfjarðastofu falið að kalla hann til fyrsta fundar.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri